

***Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérskólaúrræði fyrir börn í vanda - R19070158***

Fyrirspurn um hvað hyggst skóla- og frístundarráð gera fyrir þau börn í vanda sem eiga ekki inni í „venjulegum skólum“. Hvert eiga þau að fara? Hvar eiga þau að stunda nám? Vítað er að í öll sérúrræði er langur biðlisti t.d. í Klettaskóla og Brúarskóla. Nýlega fékk Flokkur fólksins svar við fyrirspurn sinni um hve mörg börn hafa undanfarin 5 ár ekki fengið skólavist vegna þess að þau glími við djúpstæðan tilfinningar- og hegðunarvanda. Sagt var að engu barni hafi verið vísað úr skóla vegna alvarlegs hegðunarvanda á þessu tímabili sem spurt var um. Þetta er ekki rétt. Síðan þetta svar var birt hafa nokkrir foreldrar haft samband og segjast einmitt hafa verið í þessum sporum auk þess sem við öll þekkjum eitt mál sem var nýlega í fréttum. Minnt er á að ef börn eru sett í aðstæður þar sem þau fá ekki notið styrkleika sinna og almennt séð fá ekki notið sín er hætta á að þau fari að sýna einkenni depurðar og kvíða. Sé barn látið vera í aðstæðum sem þessum lengi, jafnvel árum saman mun það einfaldlega hætta að vilja fara í skólann. Biðlisti í flest öll sérskólaúrræði hvort sem eru deildir eða skólar er langur og jafnvel þótt kennarar, foreldrar og fagfólk meta svo að barn eigi heima í sérúrræði þá fær það ekki inni í slíku úrræði.